



Hvalfjarðarsveit

Innrimel 3
301 Akranes

Akranesi, 03.mars 2025

2501367 HB

Efni : Hvalfjarðarsveit, Galtarlækur L12267 – Athafna- og hafnarsvæði, nr. 0063/2025: Lýsing (Breyting á aðalskipulagi)

Hvalfjarðarsveit óskað eftir umsögn Akraneskaupstaðar varðandi skipulagslýsingu dags. 8. janúar 2025, vegna breytingar á aðalskipulagi sbr. 1. Mgr. 30.gr. skipulagslaga á lögbýlinu Galtarlæk í Hvalfjarðarsveit.

Um er að ræða umfangsmikla breytingu á landnotkun, eða á um 80 ha svæði í athafna- og hafnarsvæði. Í framhaldinu verði landið deiliskipulagt sem iðnaðarlóðir, án þess að nánari grein sé gerð fyrir hvers konar iðnaðarstarfsemi verði þar, önnur en með almennum orðum. Auk þess er gert ráð fyrir byggingu hafnar og legukants fyrir skip og fyllingu sem tekur 1,5 milljón rúmmetra af efni.

Um Grundartangasvæðið - uppbygging í 50 ár.

Akraneskaupstaður er nágrennasveitafélag Hvalfjarðarsveitar og hafa sveitafélögin margvíslega sameiginlega hagsmuni. Allt frá mjög markvissu samstarfi um gerð á svæðisskipulagi fyrir árin 1992 -2012, þegar hrepparnir Skilmannahreppur, Leirár og Melasveit, Hvalfjarðastrandarhreppur, Innri-Akraneshreppur og Akraneskaupstaður unnu að sameiginlegum áherslum sínum í skipulagsmálum. Það svæðisskipulag treysti mjög í sessi iðnaðar og athafnavæðið á Grundartanga. Ein af niðurstöðum vinnu við svæðisskipulagið var að stækka iðnaðarsvæðið og undirbjuggu bæði Hvalfjarðastrandarhreppur og Skilmannahreppur, sem fóru með skipulagsvald á svæðinu stækkun þess. Það svæðisskipulag



og skipulagsbreyting sem gerð varð til þess að Grundartangi fyrir valinu um uppbyggingu Norðuráls.

Árin 1975 og 76 hófst undirbúningur að byggingu Járblendiverksmiðju á Grundartanga, með tilheyrandi hafnarmannvirkjum. Það verkefni var undirbúið af íslenskum stjórnvöldum og staðarval unnið á þeirra vegum. Hafnarmannvirkin voru eign og byggð af nágrannasveitafélögum, með stuðningi ríkisins. Við stofnun Faxaflóhafna og sameiningu á hafnarstarfsemi við Faxaflóa, urðu hafnarmannvirki á Grundartanga hluti af þeirri samstæðu. Í bráðum 50 ár hefur atvinnustarfsemi eflst og dafnað á Grundartanga og með stofnun Faxaflóahafna sem er sameignar fyrirtæki Reykjavíkurborgar, Akraneskaupstaðar, Hvalfjarðarsveitar, Borgarbyggðar og Skorradals, hefur félagið verið leiðandi í kaupa jarðir og land og undurbúa athafnalóðir ásamt því að byggja og reka hafnarmannvirki og þjónusta fyrirtæki sem lóðaleigjandi á svæðinu.

Grundartangasvæðið er án nokkurs vafa eitt mikilvægasta atvinnusvæði fyrir íbúa Akraneskaupstaðar og hefur verið það allt frá því að uppbygging hófst þar fyrir um hálfri öld. Akraneskaupstaður hefur á hverjum tíma staðið dyggilega við bakið á þeirri uppbyggingu og oftast en ekki leitt umræðu um hagsmuni svæðisins, þar sem lengst af voru sveitahrepparnir fjórir, og því slagkraftur þeirra í opinberri umræðum meiri með samstöðu og þátttöku sveitarstjórnar stærsta þéttbýliskjarna Vesturlands, Akranes.

En meginmáli skiptir að sveitafélögin, hrepparnir fjórir og seinna Hvalfjarðarsveit og Akraneskaupstaður staðið þétt saman og náð þeim mikla árangri, með fyrirtækjum sem byggt hafa Grundartangasvæðið, að þar er eitt stærsta og glæsilegasta iðnaðarsvæði á Íslandi.

Sveitafélögin hafa á undanförunum árum staðið saman að Þróunarfélagi Grundartanga og Faxaflóahöfnum. Þróunarfélagið hefur náð mjög merkilegum árangri og leitt umræðu um hagsmuni svæðisins á undanförunum árum. Þróunarfélagið er á þröskuldi þess að stofna með formlegum hætti Græna iðngarða, sem er mikið framfaraskref.

Faxaflóahafnir eru langstærsta fyrirtæki sinnar gerðar á Íslandi. Faxaflóahafnir er fjárhagslega sterk hafnarþjónusta og hefur ekki verið háð framlögum frá ríkissjóði um byggingu hafnarmannvirkja. Líkt og er um flest önnur hafnarsvæði á Íslandi. Hagur Faxaflóahafna hefur bein áhrif á hagsmuni sveitafélaganna, sem eru eigendur félagsins.

Það vekur nokkra undrun Akraneskaupstaðar að sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar afgangi með þessum hætti skipulagslýsingu til umsagnar, án þess að gera tilraun til að meta áhrif hennar á



hag Faxaflóahafna og eða að ræða á vettvangi eigenda félagsins um að komin sé fram skipulagshugmynd sem gæti breytt verulega starfsumhverfi fyrirtækisins. Það er skoðun Akraneskaupstaðar að þegar eru til staðar nægjanleg hafnarmannvirki við norðanverðan Hvalfjörð.

Þá hafa eigendur Faxaflóahafna, undanfarin ár, verið samhentir í að leita leiða til að efla atvinnustarfsemi á Grundartanga og varið til þess umtalsverðum fjármunum. Meðal annars með stofnun og rekstri Þróunarfélags Grundartanga. Einnig aflað til þess starf umtalsverðra opinberra styrkja frá hinum ýmsu sjóðum og beint frá Ríkissjóði.

Í skipulagslýsingunni birtist alveg ný og óvænt staða, sem Akraneskaupstaður gat ekki reiknað með að væri hugsanleg, enda hefði bæði kröftum og fjármunum Akraneskaupstaðar og Faxaflóahafna þá betur verið varið með öðrum hætti, frekar en að Hvalfjarðarsveit með landeigendum Galtalækjar einkavæði vinnu og fjármuni sem önnur sveitarfélög og Faxaflóahafnir hafa lagt til verkefnisins.

Uppbygging iðnaðarsvæðisins á Grundartanga er heldur ekki óumdeild og því getur það skipt verulegu máli að eignarhald á lóðum og lendum undir atvinnuuppbyggingu á svæðinu, sé í sameign samfélagsins, eins og núverandi eignarhald á svæðinu er.

Akraneskaupstaður telur að fram þurfi að fara umræða um hagsmuni svæðisins í heild og framtíð þess í stærra samhengi en um þessa tilteknu skipulagslýsingu.

Akraneskaupstaður tekur ekki afstöðu með eða á móti til skipulagslýsingarinnar, enda vart við hæfi að sveitarfélag taki slíka afstöðu til skipulagsmála í öðru sveitarfélagi.

Samþykkt í Bæjarráði 13.3 2025

F.h. Akraneskaupstað


Bæjarstjóri Akraneskaupstað